

## PERSÓNUVERNDARSTEFNA VESTMANNAEYJAFERJUNNAR HERJÓLFS OHF

Vestmannaeyjaferjan Herjólfur ohf (sem hér eftir er vísað til sem „**Herjólfur ohf**“ eða „**félagið**“) leggur áherslu á persónuvernd og hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi þeirra persónuupplýsinga sem félagið vinnur með.

Persónuverndarstefna þessi gildir um þær persónuupplýsingar sem félagið vinnur um viðskiptavinum og farþega Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfur, þá sem sækja um starf hjá félaginu og aðra þá einstaklinga sem eru í samskiptum við félagið eða heimsækja starfsstöðvar þess (sameiginlega vísað til „**skráðra einstaklinga**“ eða „**þín**“).

Ef þú hefur einhverjar spurningar um persónuverndarstefnu þessa, vinsamlegast hafðu samband við félagið. Tengiliðaupplýsingar má finna neðar í stefnu þessari.

### 1. Tegundir persónuupplýsinga sem Herjólfur ohf vinnur

#### 1.1 Viðskiptavinir og farþegar

Félaginu er nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar viðskiptavina og þeirra farþega sem óska eftir að ferðast með Herjólfur. Vinnslan byggir þannig á samningi, eða beiðni um að gera samning við félagið.

Þær persónuupplýsingar sem unnið er með eru eftirfarandi:

- Grunnupplýsingar, þ.e. nafn (fornafn og eftirnafn), og fæðingardagur farþega
- Upplýsingar um kennitölu og lögheimili, í þeim tilvikum er skráður einstaklingur bókar ferð í gegnum „mínar síður“
- Upplýsingar um faratæki sem óskað er eftir að flutt séu, eftir því sem við á
- Upplýsingar um ferðaáætlun og eftir atvikum framkvæmdar breytingar á bókun
- Tengiliðaupplýsingar þess aðila sem bókar ferð, þ.e. netfang og símanúmer
- Staðfesting á samþykki á skilmálum og persónuverndarstefnu Herjólfur
- Tímasetning bókunar

Komi til vanskila er unnið með upplýsingar um slík vanskil, innheimtuferil o.s.frv.

#### 1.2 Einstaklingar sem hafa samband við félagið

Þegar einstaklingur setur sig í samband við félagið er félaginu nauðsynlegt að vinna með tengiliðaupplýsingar viðkomandi, eftir atvikum, sem og afrit af tölvupósti, netspjalli og öðrum skriflegum samskiptum s.s. í gegnum samfélagsmiðla.

Vinnsla þessi byggir á lögmætum hagsmunum félagsins, að geta átt í samskiptum við þá einstaklinga sem setja sig í samband við félagið, hvort sem það er í tengslum við fyrirspurnir, kvartanir eða annars konar samskipti.

#### 1.3 Rafrænt myndavélaeftirlit

Um borð í Herjólfur er eftirlitsmyndavélar sem og við húsnæði félagsins. Myndavélaeftirlitið fer fram í öryggis- og eignavörsluskyni og byggir á lögmætum hagsmunum félagsins.

Þau svæði sem vöktuð eru, eru sérstaklega merkt með þar til gerðum merkingum.

## 1.4 Umsækjendur um störf

Þegar einstaklingur sækir um starf hjá félaginu er því nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar umsækjanda. Unnið er með afrit af umsókn og aðrar þær upplýsingar sem umsækjandi kys að láta af höndum til félagsins. Þá kann félagið að vinna með upplýsingar frá meðmælendum og opinberar upplýsingar s.s. af samfélagsmiðlum umsækjanda. Vinnsla þessi byggir á beiðni umsækjanda um að gera ráðningarsamning við félagið.

## 2. Miðlun til þriðju aðila

Félagið kann að miðla persónuupplýsingum þínum til þriðju aðila í tengslum við samningssamband þeirra við félagið. Sem dæmi kann félagið að fela upplýsingatækniaðilum að hýsa þær persónuupplýsingar sem félagið vinnur um þig. Þá kann félagið að fá aðstoð ráðningarskrifstofa í tengslum við umsóknarferli og innheimtuaðila vegna innheimtu skulda. Félagið gerir viðeigandi samninga við slíka aðila til að tryggja öryggi þeirra upplýsinga sem unnið er með.

Þá kann félaginu að vera nauðsynlegt að miðla upplýsingum til tryggingarféлага í tengslum við uppgjör á tjóni, til endurskoðanda og/eða lögmanna félagsins í tengslum við gerðar kröfur og til fjárfesta í tengslum við mögulega sölu á félaginu.

Persónuupplýsingar þínar kunna jafnframt að vera afhentar þriðja aðila, þ.m.t. viðeigandi stjórnvöldum, að því marki sem heimilað er eða krafist er á grundvelli viðeigandi laga eða reglna eða til að bregðast við löglegum aðgerðum eins og húsleitum, stefnum eða dómsúrskurði.

## 3. Öryggi þeirra upplýsinga sem unnið er með

Félagið leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar með sértöku tilliti til eðlis þeirra. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra. Dæmi um öryggisráðstafanir sem félagið grípur til eru aðgangsstýringar í kerfum og húsnaði félagsins.

## 4. Réttindi skráðra einstaklinga

Þú átt rétt á að fá staðfest hvort við vinnum persónuupplýsingar um þig eða ekki, og ef svo er getur þú óskað eftir aðgangi að upplýsingunum og hvernig vinnslunni er hagað. Þá kann einnig að vera að þú hafir rétt á að fá afrit af upplýsingunum. Við ákveðnar aðstæður getur þú farið fram á það við félagið að við sendum upplýsingar, sem þú hefur sjálf/ur látið okkur í té eða stafa frá þér, beint til þriðja aðila.

Séu upplýsingar sem við vinnum um þig rangar eða villandi átt þú rétt á að fá þær leiðréttar. Við ákveðnar aðstæður getur þú einnig óskað eftir því að persónuupplýsingum um þig verði eytt, til að mynda þegar að varðveisla upplýsinganna er ekki lengur nauðsynleg miðað við tilgang vinnslunnar eða vegna þess að þú hefur afturkallað samþykki þitt fyrir vinnslu persónuupplýsinganna og engin önnur heimild liggur til grundvallar henni.

Viljir þú ekki láta eyða upplýsingum þínum, t.d. vegna þess að þú þarft á þeim að halda til að verjast kröfu, en vilt samt sem áður að þær séu ekki unnar frekar af hálfu félagsins getur þú óskað eftir því að vinnsla þeirra verði takmörkuð.

Sé vinnsla á persónuupplýsingum þínum byggð á lögmætum hagsmunum félagsins átt þú einnig rétt á að mótmæla þeirri vinnslu.

Framangreind réttindi þín eru þó ekki fortakslaus. Þannig kunna lög að skylda félagið til að hafna ósk um eyðingu eða aðgang að gögnum. Þá getur félagið hafnað beiðni þinni vegna réttinda félagsins, s.s. á grundvelli hugverkaréttar, eða réttinda annarra aðila, s.s. til friðhelgi einkalífs, telji félagið þau réttindi vega þyngra.

Ef upp koma aðstæður þar sem að félagið getur ekki orðið við beiðni þinni mun félagið leitast við að útskýra hvers vegna beiðninni hefur verið hafnað, þó með tilliti til takmarkana á grundvelli lagaskyldu.

## 5. Varðveisla persónuupplýsinga

Félagið varðveitir persónuupplýsingar þær sem unnið er með skráða einstaklinga eins lengi og nauðsynlegt er, með hliðsjón af þeim tilgangi sem þær eru unnar í.

Bókhaldsgögn eru varðveitt í sjö ár á grundvelli lagaskyldu. Þá varðveitum við upplýsingar um bókanir og tengd samskipti í fjögur ár í þeim tilgangi að geta gert og eftir atvikum varist kröfu. Við varðveitum t.a.m. upplýsingar sem tengjast fraktflutningum í fjögur ár, í þeim tilgangi að ganga frá fraktbókun og eftir það svo að við getum brugðist við kröfum, ágreiningi eða spurningum varðandi bókunina.

Persónuupplýsingar um umsækjendur eru varðveittar í sex mánuði frá því að ráðningarferli lýkur. Upplýsingar sem safnast með rafrænu eftirliti eru almennt varðveittar í 30 daga, nema lengri varðveislutími sé nauðsynlegur félaginu til að gera eða verjast kröfu.

## 6. Samskiptaupplýsingar og kvartanir til Persónuverndar

Þegar Herjólfur ohf vinnur persónuupplýsingar þínar samkvæmt þessari persónuverndarstefnu telst Vestmannaferjan Herjólfur ohf., Básaskerbryggju, 900 Vestmannaeyjum, vera „ábyrgðaraðili“ í skilningi laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga („**persónuverndarlög**“).

Ef þú hefur fyrirspurn er lýtur að vinnslu félagsins á persónuupplýsingum þínum eða ef þú vilt nýta þér réttindi þau sem kveðið er á um í kafla 5 í stefnu þessari, ert þú beðin/n um að hafa samband við félagið í gegnum [skrifstofa@herjolfur.is](mailto:skrifstofa@herjolfur.is) eða með því að senda bréf til félagsins.

Beiðni þín verður að innihalda eftirfarandi upplýsingar, svo félaginu sé kleyft að afgreiða hana:

Nafn, tölvupóstfang og /eða aðrar tengiliðaupplýsingar þínar.

Upplýsingar um beiðni þína.

Upplýsingar sem auðveldar okkur að finna þær upplýsingar sem þú ert að óska eftir t.d.:  
bókunarnúmer og dagsetningar (í tilviki viðskiptavina)

Afrit af skilríkjum útgefnum af opinberum stjórnvöldum svo sem vegabréf eða ökuskírteini, svo að við getum staðfest hver leggi fram beiðnina.

Undirskrift þína og dagsetning beiðninnar.

Ef þú ert að sækja um fyrir hönd annars aðila þarf undirritað umboð frá aðilanum.

Þú þarft ekki að borga gjald fyrir beiðni sem þú leggur fram á grundvelli stefnu þessarar, nema að hún eigi sér bersýnilega enga stoð eða sé óhófleg. Herjólfur ohf mun gera allt sem á sínu valdi stendur til að bregðast við beiðni þinni innan 30 daga frá móttöku.

Ef þú ert ósátt/ur við það hvernig félagið vinnur með persónuupplýsingar þínar og/eða hvernig félagið hefur afgreitt beiðni frá þér, getur þú sent erindi til Persónuverndar ([www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is)).

## **7. Breytingar á þessari persónuverndarstefnu**

Herjólfur ohf getur gert breytingar á þessari persónuverndarstefnu svo að hún endurspegli hvernig félagið vinnur persónuupplýsingar á hverjum tíma.

Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á stefnunni taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur verið birt á heimasíðu félagsins.

Þessi persónuverndarstefna var sett þann [●].